Bókfært verð 1.1. 2010.....	1.002.400	247.492	398.512	1.648.404
Bókfært verð 30.9. 2010.....	991.623	171.864	355.473	1.518.961
<b>1.1.-31.12 2009</b>				
<b>Heildarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.427.031	193.620	1.746.214	3.366.865
Endurflokkun eigna .....	0	0	809.124	809.124
Viðbætur á árinu .....	0	53.872	126.025	179.897
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	214.302	214.302
Staða í árslok .....	1.427.031	247.492	2.895.665	4.570.188
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	410.674	0	1.275.497	1.686.171
Endurflokkun eigna .....	0	0	887.574	887.574
Afskrifað á árinu .....	13.957	0	119.780	133.737
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	214.302	214.302
Staða í árslok .....	424.631	0	2.497.153	2.921.784
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð 1.1. 2009.....	1.016.357	193.620	470.717	1.680.694
Bókfært verð 31.12. 2009.....	1.002.400	247.492	398.512	1.648.403

# Skýringar

## 10. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar upphaflega til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðuráls og þrír við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og er stefnt að afhendingu orku fyrir fyrsta áfangann árið 2011 en samningurinn er til 25 ára. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli.

Ofangreindir raforkusölusamningar fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði IAS 39 um fjármálagerninga hefur gangvirði þessara innbyggðu afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í árshlutareikninginn.

Þar sem markaðsverð á þessum innbyggðu afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðslufæði samnings á uppgjörstegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörstegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára. Byggt er á mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi. Frá núvirtu greiðslufæði á uppgjörstegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðslufæði samnings á uppgjörstegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samnings. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður þeirra orkusölusamninga sem færðir eru í árshlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Á sama hátt er reiknað gangvirði innbyggðra afleiða vegna raforkusölusamninga sem ekki eru komnir til framkvæmda og óvissa ríkir um. Gangvirði þeirra er samtals 11.473 milljónir kr. 30. september 2010 og er það ekki fært í árshlutareikninginn. (31.12.2009: 9.459 milljónir kr.)

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig í árshlutareikningi:

	30.9. 2010	31.12. 2009
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	20.164.272	9.091.449
Breyting á gangvirði á tímabilinu .....	1.154.295	11.072.823
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabilsins .....	21.318.567	20.164.272

Skipting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða .....	20.109.646	19.036.283
Skammttímahluti innbyggðra afleiða .....	1.208.922	1.127.990
Innbyggðar afleiður samtals .....	21.318.567	20.164.273

# Skýringar

## 11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

1.1.-30.9. 2010	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	1.194.314	10.963	1.183.351
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins .....	( 856.011)	4.719.244	( 5.575.255)
Aðrar breytingar .....	( 185.885)	0	( 185.885)
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins .....	152.419	4.730.207	( 4.577.789)

### 1.1.-31.12 2009

Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	4.169.441	0	4.169.441
Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli á endurmatsreikning .....	( 4.385.022)	0	( 4.385.022)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	1.409.087	10.963	1.398.124
Aðrar breytingar .....	808	0	808
Tekjuskattseign/-skuld í árslok .....	1.194.314	10.963	1.183.352

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	30.9. 2010		31.12. 2009	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 377.589)	15.897.266	( 15.612.117)	13.983
Innbyggðar afleiður .....	0	6.971.171	( 6.593.717)	0
Aðrir liðir .....	( 35.741)	1.726.122	2.274.492	( 848)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	565.750	( 19.864.352)	21.125.656	( 2.172)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok .....	152.419	4.730.208	1.194.314	10.963

## 12. Eigið fé

Það er stefna fyrirtækisins að eiginfjárstaða þess sé nægilega sterk til að styðja við stöðugleika og framtíðarþróun starfseminnar. Arðgreiðslur hafa verið ákveðnar sem ákveðið hlutfall eigin fjár óháð afkomu viðkomandi árs. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins er 20,1% (31.12.2009: 14,4%). Ávöxtun eiginfjár var jákvæð um 58,6% á tímabilinu 1.1 til 30.9. 2010 (1.1. til 31.12.2009: neikvæð um um 5,5%).

# Skýringar

## 13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 14.

<b>Langtímaskuldir</b>	<b>30.9. 2010</b>	<b>31.12. 2009</b>
Skuldir við lánastofnanir .....	188.598.851	199.828.760
Lánalínur .....	9.975.036	14.988.936
Skuldabréfaútgáfa .....	16.622.167	16.527.168
	215.196.054	231.344.864
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	( 15.201.542)	( 10.090.738)
	199.994.512	221.254.126
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15.201.542	10.090.738
Skammtímalán .....	4.417.582	5.223.303
	19.619.124	15.314.041
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	219.613.637	236.568.166

## Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	30.9. 2010		31.12. 2009	
		Meðalvextir í lok tímabils	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF .....	26.6.2036	0,60%	39.564.150	0,72%	41.607.299
Skuldir í EUR .....	26.6.2036	1,20%	77.284.572	1,30%	84.089.942
Skuldir í USD .....	19.2.2030	1,48%	35.058.870	0,92%	44.716.978
Skuldir í JPY .....	26.6.2036	0,59%	21.293.428	0,69%	21.613.747
Skuldir í GBP .....	26.6.2036	1,68%	7.086.349	1,62%	8.202.315
Skuldir í SEK .....	5.10.2027	1,13%	13.374.616	0,81%	14.079.999
			193.661.985		214.310.280
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar .....	10.1.2037	4,98%	21.534.069	4,88%	16.734.583
Óverðtryggðar .....	15.12.2010	10,45%	4.417.582	10,50%	5.523.303
			25.951.652		22.257.886
Vaxtaberandi skuldir samtals .....			219.613.637		236.568.166

# Skýringar

## 13. Vaxtaberandi skuldir frh.

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu tímabil:	30.9. 2010	31.12. 2009
1.10. 2010 til 30.9. 2011 / 1.1. til 31.12. 2010.....	15.201.542	10.090.738
1.10. 2010 til 30.9. 2012 / 1.1. til 31.12. 2011.....	13.796.250	17.689.392
1.10. 2010 til 30.9. 2013 / 1.1. til 31.12. 2012.....	24.402.651	13.307.154
1.10. 2010 til 30.9. 2014 / 1.1. til 31.12. 2013.....	15.458.227	30.606.873
1.10. 2010 til 30.9. 2015 / 1.1. til 31.12. 2014.....	12.019.290	14.904.521
Síðar .....	134.318.093	144.746.186
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun .....	215.196.054	231.344.864

### Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar

### a. Yfirlit

Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt stefnu um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Meginmarkmið áhættustýringar samkvæmt stefnunni er að stuðla að stöðugri afkomu og lágmarka fjármagnskostnað með því að lágmarka sveiflur í gengi og álverði og stuðla að lágu vaxtastigi.

Gengisáhætta samstæðunnar er tengd áhættu í sjóðstreymi og áhættu í efnahagsreikningi. Vaxtaáhætta tengist þróun breytilegra vaxta og fastra vaxta og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi. Áhætta vegna þróunar álverðs er af völdum tengingar orkuverðs til stóriðju við álverð og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi.

Fylgst er með gengisáhættu samstæðunnar bæði í sjóðstreymi og efnahagsreikningi með viðurkenndum reikniaðferðum. Árlegt staðalfrávik og dagleg fjárhæð í húfi (e. value at risk) fyrir skuldir og áætlað sjóðstreymi í erlendum myntum er mælt. Með sama hætti er fylgst með áhættu í sjóðstreymi af völdum verðbreytinga áls og vaxta.

Í stefnunni er áhætta skilgreind og árangursmælikvarðar settir. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit um stöðu og árangur áhættustýringar samstæðunnar.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustýringarinnar er hjá áhættunefnd. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, forstöðumaður Fjár- og áhættustýringarviðs og forstöðumaður Hagmála.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu
- Lausafjáráhættu
- Lánsáhættu

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

### b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Þetta er sú áhætta sem vegur langþýngst hjá samstæðunni og greinist í:

- Gjaldeyrissáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt.
- Vaxtaáhættu vegna lána
- Áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.

### i) Gjaldeyrissáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 88,2% í erlendum gjaldmiðlum. Gengisáhættan er varin í samræmi við stefnu fyrirtækisins um áhættustýringu þar sem veginn er saman vaxtakostnaður lánanna og gengisáhætta. Vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum var umtalsvert lægra en lána í íslenskrí krónu. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörstegi er um 161.508 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörstegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á tímabilinu:

	1.1.-30.9. 2010	1.1.-31.12 2009	30.9. 2010	31.12. 2009
	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
CHF .....	117,51	114,325	115,75	121,215
EUR .....	164,6336	172,665	154,4	179,8
USD .....	125,0897	123,601	113,55	124,81
JPY .....	1,3993	1,325	1,3595	1,35075
GBP .....	191,8183	193,893	178,62	202,165
SEK .....	17,047	16,306	16,7775	17,52
CAD .....	120,7516	109,041	110,22	119,01
Þróng viðskiptavog SÍ .....	219,8206	223,324	205,95	232,83

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b. Markaðsáhætta, frh.

#### i) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhættu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

30.9. 2010	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir .....	( 39.564.150)	( 77.284.572)	( 35.058.870)	( 21.293.428)	( 7.086.349)	0	( 13.374.616)	0	( 193.661.985)
Viðskiptaskuldir .....	( 7.726)			( 228.398)				( 2.263)	( 238.387)
Viðskiptakröfur .....		51.574	490.757		94				542.425
Bankainnstæður .....	279	24.795	262.445	76.509	1.345	331	5.443		371.148
Álafleiður .....			21.318.567						21.318.567
Áhætta í efna- hagsreikningi .....	( 39.571.597)	( 77.208.202)	( 12.987.101)	( 21.445.317)	( 7.084.910)	331	( 13.369.172)	( 2.263)	( 171.668.232)
Áætluð sala 2010 .....			5.896.137						5.896.137
Áætluð kaup 2010 .....		( 2.293.920)	( 53.757)	( 840.826)				( 27.769)	( 3.216.271)
Áhætta utan efna- hagsreiknings .....	0	( 2.293.920)	5.842.380	( 840.826)	0	0	0	( 27.769)	2.679.865
Skiptasamningar .....	( 506.284)			478.753					( 27.531)
Nettó áhætta .....	( 40.077.881)	( 79.502.122)	( 7.144.722)	( 21.807.389)	( 7.084.910)	331	( 13.369.172)	( 30.032)	( 169.015.897)

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b. Markaðsáhætta, frh.

#### i) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhættu, frh.

31.12. 2009	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir .....	( 41.607.299)	( 84.089.942)	( 44.716.978)	( 21.613.747)	( 8.202.315)	0	( 14.079.999)	0	( 214.310.280)
Viðskiptaskuldir .....	( 12.374)	( 18.066)	( 37.368)						( 67.808)
Viðskiptakröfur .....			530.440		12	1.426	20	1.691	533.588
Bankainnstæður .....	234	7.084	2.556.769	308	3.251	230	106	0	2.567.982
Álafleiður .....			20.164.273						20.164.273
Áhætta í efna- hagsreikningi .....	( 41.619.439)	( 84.100.924)	( 21.502.864)	( 21.613.439)	( 8.199.053)	1.656	( 14.079.873)	1.691	( 191.112.245)
Áætluð sala 2009 .....			5.921.599						5.921.599
Áætluð kaup 2009 .....		( 2.297.992)	( 135.676)	( 1.593.073)					( 4.026.741)
Áhætta utan efna- hagsreiknings .....	0	( 2.297.992)	5.785.923	( 1.593.073)	0	0	0	0	1.894.859
Skiptasamningar .....	( 709.012)			633.849					( 75.163)
Nettó áhætta .....	( 42.328.451)	( 86.398.916)	( 15.716.941)	( 22.572.663)	( 8.199.053)	1.656	( 14.079.873)	1.691	( 189.292.550)

### Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir.

#### Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
1.1.-30.9. 2010	2.663.168	5.196.112	874.032	1.443.270	476.814	( 22)	899.745	152	11.553.272
1.1.-31.12 2009	3.183.887	6.433.721	1.644.969	1.653.428	627.228	( 127)	1.077.110	( 129)	14.620.087

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2009. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b. Markaðsáhætta, frh.

#### ii) Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

<b>Fjármálagerningar með fasta vexti</b>	<b>30.9. 2010</b>	<b>31.12. 2009</b>
Fjáreignir .....	8.353.189	7.738.829
Fjárskuldir .....	22.839.851	26.792.325
	<u>14.486.662</u>	<u>19.053.496</u>

#### **Fjármálagerningar með fljótandi vexti**

Fjárskuldir .....	196.801.316	209.851.004
	<u>196.801.316</u>	<u>209.851.004</u>

#### **Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti**

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, auk þess sem afleiðusamningar (þ.e. gjaldmiðlaskiptasamningar) eru ekki tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir. Vaxtabreytingar á uppgjörstæði eiga því ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

#### **Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti**

Breyting á vöxtum á uppgjörstæði um 100 punkta myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um neðangreindar fjárhæðir. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, þar með talið gengi gjaldmiðla, haldist stöðugar. Framsetningu hefur verið breytt með þeim hætti að álafleiða er ekki innifalin í útreikningi og hefur samanburðafjárhæðum verið breytt til samræmis.

	<b>Afkoma</b>	
	<b>100 punkta hækkun</b>	<b>100 punkta lækkun</b>
<b>1.1.-30.9. 2010</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 1.296.762)	1.296.762
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó .....	( 1.296.762)	1.296.762
<b>1.1.-31.12 2009</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 2.093.277)	2.093.277
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó .....	( 2.093.277)	2.093.277

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b. Markaðsáhætta, frh.

#### iii) Álverðsáhætta

Samstæðan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði áls á LME (London Metal Exchange). Samstæðan hefur ekki varið sig sérstaklega fyrir breytingum á álverði. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 21,8% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu 1.1. til 30.9. 2010 (1.1. til 31.12. 2009: 17,6%)

#### Næmnigreining

Breyting á álverði um 10% í lok tímabilsins til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar eftir skatta.

	Afkoma	
	30.9. 2010	31.12. 2009
Hækkun um 10% .....	7.310.336	7.852.392
Lækkun um 10% .....	( 7.303.066)	( 7.933.715)

#### iv) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

#### v) Samhengi álverðs og vaxta

Rannsóknir okkar hafa leitt í ljós samfylgni í verði áls og vaxta, þannig leiða álverðsbreytingar vaxtabreytingar í tíma. Þessi samfylgni leiðir til innbyggðrar áhættuvarnar.

### c. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor fyrirtækisins.

Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB). Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins.

Evrópski fjárfestingabankinn hefur fjármagnað helming af framkvæmdakostnaði 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar. Viðræður eru í gangi um fjármögnun síðari hluta áfangans og er gert ráð fyrir að fjármögnun hans verði lokið á næstu mánuðum.

Orkuveitan átti í lok tímabilsins handbært fé að fjárhæð um 0,7 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 4,9 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í lok tímabilsins upp á um 5,6 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2009 nam um 16,7 milljörðum kr.

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### c. Lausafjárahætta, frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

30.9. 2010

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir .....	219.613.636	( 266.580.170)	( 18.995.741)	( 17.201.180)	( 63.574.989)	( 166.808.259)
Viðskiptaskuldir ..	1.916.324	( 1.916.324)	( 1.916.324)			
Aðrar skuldir .....	1.861.410	( 1.861.410)	( 1.861.410)			

### Fjármálagerningar sem eru afleiður

Gjaldmiðaskipta- samningar .....	27.531	( 29.900)	( 12.714)	( 9.932)	( 7.255)	
	223.418.900	( 270.387.804)	( 22.786.188)	( 17.211.112)	( 63.582.244)	( 166.808.259)

31.12. 2009

### Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

Vaxtaberandi						
skuldir .....	236.568.166	( 264.168.863)	( 18.307.776)	( 36.219.530)	( 64.152.032)	( 145.489.525)
Viðskiptaskuldir ..	2.368.066	( 2.368.066)	( 2.368.066)			
Aðrar skuldir .....	1.381.317	( 1.381.317)	( 1.381.317)			

### Fjármálagerningar sem eru afleiður

Gjaldmiðaskipta- samningar .....	75.163	( 81.803)	( 24.876)	( 21.983)	( 34.944)	0
	240.392.712	( 268.000.049)	( 22.082.035)	( 36.241.513)	( 64.186.976)	( 145.489.525)

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun langtímalána til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### d. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar væri einkum vegna viðskiptakrafna. Tap vegna vangoldinna krafna eru óveruleg og hafa takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í lok tímabilsins:

	30.9. 2010	31.12. 2009
Viðskiptakröfur .....	2.195.115	3.339.309
Aðrar skammtímakröfur .....	344.613	353.240
Aðrar fjáreignir .....	8.353.189	7.738.829
Handbært fé .....	733.500	2.943.303
	<u>11.626.418</u>	<u>14.374.681</u>

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur .....	616.455	682.585
Viðskiptakröfur, smásala .....	1.578.660	2.656.724
	<u>2.195.115</u>	<u>3.339.309</u>

### Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla árslok:

	30.9. 2010		31.12. 2009	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	1.310.342	41.151	2.573.050	36.917
Gjaldfallnar kröfur .....	1.266.955	341.031	1.056.886	253.710
	<u>2.577.297</u>	<u>382.182</u>	<u>3.629.936</u>	<u>290.627</u>

### e. Gangvirði

#### Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í árshlutareikningnum er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningu að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9. 2010		31.12. 2009	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	( 219.613.636)	( 207.320.242)	( 236.568.166)	( 218.876.273)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi.

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### e. Gangvirði, frh.

#### Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9. 2010	31.12. 2009
Vaxtaberandi skuldir .....	0,10833% - 6,50%	0,05% - 9,0%
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	0,226% - 3,345%	0,169% - 4,537%

#### Stig gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í árschlutareikninginn, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

30.9. 2010	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum .....		2.062.445	2.062.445
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		21.318.567	21.318.567
Aðrar fjáreignir .....		8.056.017	8.056.017
Aðrar fjárskuldir .....	( 27.531)	( 27.531)	
	( 27.531)	31.437.030	31.409.498

#### 31.12. 2009

Eignarhlutir í félögum .....		2.187.047	2.187.047
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		20.164.273	20.164.273
Aðrar fjáreignir .....		7.396.701	7.396.701
Aðrar fjárskuldir .....	( 75.163)	( 75.163)	
	( 75.163)	29.748.021	29.672.858

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum til lengri tíma en tíu ára eru flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár.

# Skýringar

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### f. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	30.9. 2010			31.12. 2009		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félögum .....			2.062.445			2.187.047
Innb. afleiður í raforkus.samn. ...		21.318.567			20.164.273	
Aðrar fjáreignir ...	297.172	8.056.017		342.128	7.396.701	
Viðskiptakröfur ...	2.195.115			3.339.309		
Aðrar sk.kr. ....	344.613			353.240		
Handbært fé .....	733.500			2.943.303		
Vaxtab. skuldir ... ( 219.613.636)				( 236.568.166)		
Aðrar fjárskuldir .. ( 27.531)		( 27.531)		( 75.163)		
Viðskiptaskuldir .. ( 1.916.324)				( 2.368.066)		
Aðrar sk.skuld. ... ( 1.861.410)				( 1.381.317)		
	( 219.820.969)	29.347.053	2.062.445	( 233.339.569)	27.485.811	2.187.047

## 15. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Nafnverð	Eignarhluti	
			30.9. 2010	31.12. 2009
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar .....	4.736.841	100,0%	100,0%
Hitaveita Akraness og Borgarfj.	Hitaveita .....			79,3%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingarfyrirtæki .....	3.004.723	100,0%	100,0%
Úlfjótuvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki .....	225.000	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun	Undirbúningsfyrirtæki .....	6.000	60,0%	60,0%

### Helstu breytingar á samstæðunni á tímabilinu

Í janúar 2010 keypti Orkuveitan 20,7% eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB). Með þeim kaupum eignaðist Orkuveitan HAB að fullu. HAB var sameinað inn í Orkuveituna frá og með 1. janúar 2010.

# Skýringar

---

## 16. Önnur mál

### Seinkun framkvæmda

Vegna tafa sem orðið hafa á að fyrirvörum í orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur sé aflétt, hefur skapast óvissa um framhald framkvæmda varðandi orkuframleiðslu. Því hafa einnig orðið tafir á framkvæmd samninga við aðra aðila, s.s. vélaframleiðendur og verktaka. Samningaviðræður hafa verið um greiðslu bóta vegna slíkra tafa. Umfangsmestir eru samningar við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürre um frestun á afhendingu vélasamstæða og samningaviðræður sem nú standa yfir við Jarðboranir um bætur fyrir tilfærslu verkefna í tíma innan samnings aðila um boranir vegna virkjanaframkvæmda. Enn er óvissa um framhald mála varðandi framkvæmdir og þar með um niðurstöður um hugsanlegar fjárhæðir bótagreiðslna. Mat stjórnenda er að ekki sé ástæða til að gera varúðarfærslu í árshlutareikninginn vegna áðurnefndra mála.

### Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember 2008 setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum eru sett á gjaldeyrishöft.

Á meðal annarra skulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar við gamla Glitni. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp þar sem mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og skilanefnd bankans, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Í varúðarskygni var ákveðið að styðjast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 7. október 2008 þar sem það var gengi bankans áður en skilanefnd tók yfir stjórn gamla Glitnis. Gengisvísitalan þá var 175 og er bókfært verð afleiðusamninganna neikvætt um 181,2 milljónum kr. samkvæmt því viðmiði. Samningarnir voru áður færðir sem aðrar fjáreignir eða aðrar fjárskuldir en eru nú flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.